

Nefndarsvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. *Þ 139/1901*
komudagur *2.4.2011*

TPH/ls

30.03.2011

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á vatnalögum, nr. 15/1923, 561. mál.


Iðnaðarnefnd Alþingis hefur sent RARIK til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á vatnalögum nr. 15/1923. Í frumvarpinu er ekki lagt til að gera umtalsverðar breytingar á lögnum frá 1923, heldur gerðar á þeim nauðsynlegar úrbætur og minni háttar breytingar.

RARIK hefur yfirfarið frumvarpið og gerir í megindráttum ekki athugasemdir við það. Þó bendir RARIK á breytingar á grein 144, þar sem fjallað er um tímafresti vegna leyfisveitinga og tilkynningaskyldu til Orkustofnunar. Nauðsynlegt er að mati RARIK að skýra texta greinarinnar betur, í ljósi reynslunnar.

RARIK á og rekur umfangsmikið dreifikerfi raforku nánast um land allt, sem í mörgum tilvikum liggja um vötn eða þvera ár, auk stofnæða og dreifikerfis fyrir hitaveitur. Engar athugasemdir eru gerðar við skyldu til að sækja um fyrirhugaðar framkvæmdir til Orkustofnunar áður en farið er í framkvæmdirnar. Hins vegar getur það varðað almannahag ef ekki má fara í bráðaviðgerðir á veitukerfinu án formlegrar heimildar frá Orkustofnun. RARIK hefur reynslu af því að stór landsvæði hafa orðið rafmagnslaus vegna bilana í vatnsfarvegi. Við því verður oftast nær að vera hægt að bregðast strax vegna augljósra hagsmuna þeirra sem á viðkomandi svæði búa. Því er nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á texta lagafrumvarpsins sem tryggja heimildir veitufyrirtækja til að bregðast strax við bilunum sem kunna að verða í vatni eða vatnsfarvegi.

Að öðru leyti er vísað til þeirra athugasemda sem koma fram í umsögn Samorku.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri